



Sími: 430 7000

Netfang: kristjanah@sjova.is

Bæjarblaðið

JÖKULL

SNÆFELLSBÆ

458. tbl - 10. árg.

8. júlí 2010



- fyrir þig og þína

Sími: 430 7000 | Fax: 430 7001

Suðurgarðurinn endurbyggður

Hafnarsjóður Snæfellsbæjar auglýsti í maí eftir tilboðum í endurbyggingu og breikkun á Suðurgarðinum í Ólafsvíkurhöfn, þann 3. júní s.l. voru tilboð opnuð í verkið og það fyrirtæki sem bauð lægst í verkið var Tígur ehf. frá Súðavík, Tígur bauð sem nam rúmlega 72% af kostnaðaráætlun og var samningsupphæðin 27.238.355.


Framkvæmdir eru nú hafnar við verkið en garðurinn sem á að endurraða er u.þ.b. 270 metra langur og nær frá tunnu að Stakkholti, á meðfylgjandi teikningu sést hvernig bæta á við stuttum garðstubb þar sem beygja kemur á garðinn. Frá beygju og að Stakkholtshúsinu færast garðurinn utar sem nemur um 9 metrum. Heildarmagn efnis sem fer í garðinn er um 20.500 rúmmetrar en hluti af því er efni sem endurnýtt er úr gamla garðinum. Áætlanir gera ráð fyrir að verkinu verði lokið þann



15. september á þessu ári.

Þegar ákveðið var að fara í þetta verk var jafnframt tryggt fjármagn úr landbrotsjóði til að endurbyggja garðinn frá þeim stað sem verkinu lýkur nú og alla leið meðfram Stakkholti, vegna fjárskorts í kjölfar niðursveiflu í fjármálakerfinu voru þær fjárveitingar dregnar til baka og ekki fyrirsjáanlegt að fjármunir fáiast í verkefnið fyrir en í fyrsta lagi 2013.

JÓ



Suðurgarður (270m), endurbygging og breikkun

ATVINNA

Beitningafólk óskast til að beita fyrir Særif SH
Upplýsingar í síma 892 1181

Zatrudnie pracownikow do robienia bejty w Rifie.
Telefon kontaktowy: 892 1181



1990 - 2010

Sjóstangaveiðifélag Snæfellsness

20 ára afmælimót í Ólafsvík 15.-17. júlí

Fyrir félagsmenn í sjóstangaveiðifélögum SJÓL

Sjá nánar á: www.sjosnae.is

Sílið er komið



Undanfarin ár hefur varp misfarist hjá kríunni og fáir ungar komist á legg, þeir sem til þekkja halda því fram að um sé að kenna skorti á sandsíli í Breiðafirði og krían og ungar hennar því ekki fengið æti við hæfi.

Undanfarna daga hefur mátt sjá kríuna á flugi við Rif og Hellissand með gogginn fullan af síli, þetta er ánægju-

leg sjón og vonandi er endir bundinn á sílakreppuna.

Undanfarin fjögur ár hefur Hafró farið í svokallaða sandsílaleiðangra þar sem m.a. hefur verið kannað ástand sandsílastofnsins í Breiðafirði, á síðasta ári fannst lítið af síli í breiðafirði og ekki var að sjá batamerki frá árinu áður. Nú í júlí er von á Dröfn RE 35 í rannsóknarleiðangur á vegum Hafró, vonandi staðfestir sá leiðangur að sandsílastofninn sé að braggast því að mikið vantar í lífríkið þegar sílið vantar.

JÓ

Endless Dark að meikaða

Í Fréttablaðinu á þriðjudag var greint frá því að hljómsveitin Endless Dark væri búin að gera samning við enska fyrirtækið X-Ray Touring sem sér um að skipuleggja tónleika. Meðal hljómsveita sem X-Ray Touring er með á sínum snærum eru stór nöfn á borð við Coldplay, Eminem, Green Day, Snow Patrol, Nick Cave og Queens of the Stone Age, strákarnir í Endless Dark eru því í hópi öflugra hljómsveita.

Þann 31. júlí mun Endless Dark koma fram á

mikilli rokkhátíð í Englandi sem ber heitið Sonisphere, meðal hljómsveita á þeirri hátíð eru hljómsveitir eins og Iron Maiden, Rammstein, Mötley Crüe, Placebo.

Endless Dark mun spila með bandarísku hljómsveitinni Madina Lake á nokkrum tónleikum á Bretlandi, m.a. á hinum þekktu stað Barfly í London hinn 4. ágúst, uppselt er á þá tónleika.

Það er greinilega allt að gerast hjá Endless Dark og óskum við þeim velfarnaðar.

JÓ



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggitill- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf.
og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ.
Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.

Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Smágrafa til leigu

Komatsu PC 02 smágrafa til leigu. Hentar vel í garðvinnu og sérstaklega þar sem lítið er um pláss. Lipur, einföld og þægileg vél til að vinna með. Ásamt vélinni fylgja 2 skóflur.



Leigugjald:

1 dagur: 15.000 kr

Hálfur dagur: 10.000 kr

Hafið samband við Tómas í síma 8922729



Bifreiðaverkstæði Ægis

Þarf að yfirfara bílinn gera við hann eða bara smyrja?
Logar viðvörðunarljós í mælaborði?
Komdu þá til okkar og við gerum það sem þarf.

- Allar almennar bílavígerðir
- Getum lesið út úr tölvukerfum flestra bíltegunda
- Erum með þjónustu fyrir flest umboð og flestar gerðir bíla.

Bifreiðaverkstæði Ægis Hafnargötu 12, Rífi, Snæfellsbæ
Opnunartími: 8-12 og 13-17 Símar: 436-6677 og 867-4188 Netfang: bifreid@mi.is

KNATTSPYRNA VISA - Bikarinn

Ólafsvíkuvöllur

Víkingur Ó - Stjarnan

Mánudagur 12. júlí
kl. 20.00

Bústið er lent!



Hobbitinn

Ólafsbraut 19 · Ólafsvík · ☎ 436 1362



20 ára afmælistmót



Sjóstangaveiðifélag Snæfellsness var stofnað í júlí 1990 og er því 20 ára.

Af því tilefni er blásið til glæsilegs afmælistmóts í Ólafsvík og verður haldið á hin fengsælu fiskimið í Breiðafirði 16. og 17. júlí nk. Mótið er opið öllum félögum innan Landssambands sjóstangaveiðifélaga og gefur stig til Íslandsmeistara.

Til mikils er að vinna á mótinu en fyrir að utan að gera sitt besta og njóta þess að veida með skemmtilegu fólki verða veitt verðlaun m.a. fyrir aflahæsta karl og konu, aflahæstu

sveit karla og kvenna, aflahæsta bátinn, hæstu meðalvigt og fyrir þyngsta fisk í hverri tegund.

Mökum keppenda verður boðið í skoðunarferð og siglingu um Breiðafjörð undir tryggri leiðsögn Helga Kristjánssonar og að sjálfsögðu fylgjast þeir með þegar komið er í land.

Lokahóf verður á laugardagskvöldinu í Klifi og verðlaunaafhending. Sjá má nánar um mótið á www.sjosnae.is

Meðfylgjandi mynd frá innanfélagsmóti Sjósnae 2009 tók Guðni Gíslason.

VIRKIÐ Byggingavörur

Opið virka daga 9-12 og 13-18

Leir í Sjávarsafninu

Hjördís Alexandersdóttir opnar sýningu á leir skúlptúrum í Sjávarsafninu í Ólafsvík laugardaginn 10. júlí kl. 14.00. Sýningin stendur til og með 25. júlí á opnunartíma Sjávarsafnsins

Hjördís hefur verið búsett í Snæfellsbæ síðan 2001 og er þetta í fimmta sinn sem hún heldur sýningu á verkum eftir sig í Snæfellsbæ ýmist málverk eða leirverk.



Verkin eru átján á sýningunni og hefur Hjördís unnið að þeim í frístundum síðastliðinn vetur.

Viðfangsefni sýningarinnar eru figúratífar kvenmyndir í kúbískum stíl.

Björgunarsveitin á Sandaragleði

Fjáröflunartónleikar verða haldnir í Röst Hellissandi föstudagskvöldið 9 júlí næstkomandi. Þar mun hljómsveitin Bros ásamt gestum, koma og flytja gömlu góðu Bros spóluna sem kom út fyrir allmörgum árum.

Allur ágóðinn af þessum tónleikum mun renna beint og óskiptur til nýju húsbýggingarinnar sem Björgunarsveitin Lífsbjörg er að byggja inn í Rífi. Tónleikarnir hefjast kl 21:00 og hvetjum við alla til að mæta á þessa skemmtun.

Á laugardegnum frá kl 15:00 til kl 17:00 mun nýja húsið verða opið og til sýnis fyrir gesti og gangandi. Þar innandyrna mun verða í gangi myndaslideshow um slysavarnastarfið. Boðið verður uppá molakaffi.

Á Gufuskálum laugardag-

inn 10 júlí frá kl 13:00 til kl 18:00 mun björgunarsveitin Lífsbjörg ásamt Þjálfunarbúðum SL, Gufuskálum standa að fjáröflun fyrir húsbýggingu björgunarsveitahússins á Rífi.

Opið verður í svifbrautina Rebba og mun hver ferð þar kosta 500 kr - aldurstakmark: 1996 og eldri.

Hægt er að sjá myndband af þessari svifbraut inni á vefsíðunni okkar á www.123.is/bjorgunarsveit

Einnig verður sigveggurinn opinn og munu 2 ferðir þar kosta 500 kr - aldurstakmark: 2002 og eldri.

Eins og fyrr segir rennur allur ágóði til húsbýggingar björgunarsveitahússins á Rífi.

Vonum við að sem flestir sjái sér fært að mæta á þessa viðburði tengda björgunarsveitinni.



Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · www.bylgja.is · Neff. bylgja@bylgja.is

Fullt af flottum tilboðum
Í tilefni af **SANDARAGLEÐI**
Ath gildir fim-fös og laugardag ☺

-20% afsláttur
af íþróttaskóm og íþróttafatnaði!

Skokkar, margar gerðir frá kr 5.900
Diesel gallabuxur frá 5.990
Alltaf e-ð nýtt á útsöluverkaðnum!



BLÓMSTURVELLIR
Hellissandi - sími: 436 6655

Smáauglýsing

2 íbúðir til leigu,

önnur er 113 fm, 3 svefniherbergi, stofa, bað, eldhús, gangur, forstofa hún er á efri hæð, hún er laus frá og með 15.07, hin er 105 fm, 3 svefniherberg, stofa, bað, eldhús, gangur og forstofa, hún er á neðri hæð, hún er laus frá og með 1.08.

Íbúðirnar hafa sameiginlegt þvottarhús, endilega hafið samband í síma 8653204 Sara eða í sendið mail fany6966@gmail.com

Sandara- og Rifsaragleði 2010



Föstudagur 9. júlí

- kl. 13:00 **Sjóstöng** í Skarðsvík á vegum Þjóðgarðsins, kl. 13:00 – 15:00
- kl. 16:00 **Hetja** Gamanleikur eftir Kára Viðarsson byggður á Bárðarsögu frumsýning (uppselt),
Önnur sýning kl. 18:00 Forsala frystiklefinn@gmail.com
- kl. 17:00 **Bryggjumót Sjósnæ** í Ólafsvíkurhöfn. Allir krakkar velkomnir, verðlaun og grill
- kl. 17:30 **Slysósúpa í íþróttahúsinu** „Eru sundfit í súpunni?“ kl. 17:30 – 22:00
Guðrún Lára, Siggí Gísla o.fl. spila, öllum gestum velkomið að taka þátt
- kl. 18:00 **Afhjúpun upplýsingaskiltis um Brekknalendingu** við listaverkið „Beðið í von“
- kl. 18:00 **Hæfileikakeppni í Röstinni** fyrir krakka á öllum aldri. Skráning hjá Sirrý 895-6717
- kl. 20:00 **Opnun Hvítahússins í Krossavík** ljósmyndasýningin „**Gárur**“, Steingerður Ártúni
- kl. 21:00 **Fjölskyldu styrktartónleikar í Röst**, fyrir nýja björgunarsveitahúsið í Rífi
Hljómsveitin Bros ásamt gestum, flytur „Bros-spóluna“ í heild sinni
- kl. 23:00 **Tónleikar „Drimbúr – eins og ég er“** Pálmi Almars á Hótel Hellissandi

Sýningar um helgina

- Áttthagastofa** Ljósmyndasýning, Gunnar Óli Sigmarsson Opið kl. 10-17
- Gamla Rif** Ljósmyndasýning „Manstu gamla daga“
- Hótel Hellissandur** Málverkasýning, Guðrún Lilja Bjarnadóttir
Myndasýning frá hellissandur.is rúllar alla helgina. Skannaðar myndir, filmur og fleira til setja inn á hellissandur.is. kl.13-16 laugar- og sunnud, Haukur Sig. 892-5561
- Hvítahúsið Krossavík** Ljósmyndasýning, myndir úr Krossavík, Steingerður í Ártúni
- Kaffi Sif** Málverkasýning, Jökull Herbertsson
- Pakkhúsið** opið kl. 11-17
- Sjávarsafnið Ólafsvík** Skúlptúrar, Hjördís Alexandersdóttir, opnar kl. 14:00 laugard.

Laugardagur 10. júlí

- Sandaragleði-golfmót HH** á Fróðárvelli Skráning á golf.is
- kl. 10-12 **Opin hús Lárusarhús** hjá Erlu og Erni og **Ytra Vinarminni** hjá Erlu og Siggá
- kl. 13-15 **Opið hús Fögruvellir** hjá Huldísi og Hildi. Sögur um húsin og myndir vel þegnar
- kl. 11:00 **Barnastund á vegum Þjóðgarðsins** í Tröð
- kl. 12:00 **Hjólreiðarally** 97 og yngri og 94-96. Mæting við skólann Skráning Maggi skólást.j 894-9903
- kl. 12:00 **Göngutúr með Skúla** um Hellissand, gengið frá Hraunprýði
- kl. 13:00 **Röst**
Kvenfélagsvöflur
Markaður kl. 13:-16 Sala eigulegra muna – öllum velkomið að selja
Alexandra Matthíasdóttir teiknar andlitsmyndir og sýnir myndir
Andlitsmálun í boði Landsbankans
Á flötunum úti og við Höskuldsá Kubb, sílaveiði ...
- kl. 13:00 **Gufuskálar – Fjáröflun** fyrir nýja björgunarsveitahúsið í Rífi. kl. 13:00 – 18:00
Rebbi svifbraut-aparóla fyrir 14 ára og eldri **Sig** fyrir 8-12 ára
- kl. 14:00 **Skúlptúrar**, Hjördís Alexandersdóttir opnar sýninguna kl.14:00 í Sjávarsafninu
- kl. 14:00 **Kaffikynning „Eldur Asteka“ frá Kaffitár** og kaffibjór í Gamla Rífi kl. 14:00 -16:00
- kl. 15:00 **Leikhópurinn Lotta** í Tröð í boði Landsbankans
- kl. 15:00 **Björgunarsveitahúsið í Rífi** „Opið hús - myndasýning“ kl. 15:00-17:00
- kl. 15:00 **Strandblakvöllur vígður** á grasvelli Umf. Reynis. Allir mega taka þátt í blakinu
- kl. 16:00 **Hetja** gamanleikur byggður á Bárðarsögu, seinni sýning kl. 18:00
- kl. 16:00 **Uppsetning upplýsingaskiltis á Skálasnagavita** á vegum Þjóðgarðsins
- kl. 18:00 **Götugrill** Grillað í öllum götum Allir velkomnir með sitt góss
- kl. 22:00 **Kaffi Sif** Guðrún Lára trúbador
- kl. 23:30 **Ball í Röst** Heimahljómsveitin **Ungmennafélagið** leikur fyrir dansi, 2.500 kr. inn
Peningar fyrir aðgöngumiða flýta fyrir Allur ágóði rennur til Umf. Reynis